



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 18. júní 2020  
SFS2019100042  
186. fundur  
HG/et

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

***Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi framkvæmdir til að bæta umferðaröryggi við Dalskóla***

Á 185. fundi skóla- og frístundaráðs, 9. júní 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Skóla- og frístundaráðsfulltrúar óska upplýsinga í hvaða framkvæmdir á að ráðast í sumar til að bæta umferðaröryggi við Dalskóla í Úlfarsárdal?*

**Svar:**

Meðfylgjandi er bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 8. júní 2020, þar sem m.a. er fjallað um framkvæmdir í Úlfarsárdal sumarið 2020 sem snúa að umferðaröryggi.



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 8. júní 2020

USK2020060006

8.3

Skóla- og frístundasvið

Borgartún 12-14  
105 REYKJAVÍK

### ***Tillaga um aðgerðir vegna umferðaröryggis við Dalsskóla. Tilvísun í mál SFS2019100042***

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. febrúar 2020 var lögð fram svohljóðandi tillaga:  
*Lagt er til að farið verði strax í bráðabirgðaaðgerðir til að tryggja umferðaröryggi við Dalsskóla í ljósi þess að ekki verður farið í framkvæmdir fyrr en í sumar til að bæta umferðaröryggi á helstu göngu- og hjólaleiðum barna til og frá skóla. Dalskóli stendur við mikla umferðargötu, þar sem engar merktar gangbrautir eru og lýsing slæm og því brýnt að gripið verði til bráðbirgðaráðstafana hið allra fyrsta.*

Þann 7. nóvember 2019 var haldinn fundur í Dalsskóla með m.a. fulltrúum íbúasamtaka Úlfarsárdals, Foreldraráðs Dalsskóla, fulltrúum íbúaráðs 113 og skólastjórnendum þar sem lýst var yfir áhyggjum af umferðaröryggi barna á leið til skóla. Í kjölfar fundarins var brugðist við hluta athugasemdanna en við öðrum var ekki unnt að bregðast strax. Flestar athugasemdirnar sem ekki var unnt að bregðast við sneru að skorti á merktum gangbrautum en úr því er ætlunin að bæta í sumar.

Úlfarsárdalur er hverfi sem enn er í uppbyggingu. Á hverju ári er unnið að frágangi borgarlandsins, gangstéttum, stígum og fleiru eftir því sem hverfið byggst upp. Í sumar er m.a. áætlað að ganga frá gangstéttum við Sögutorg, göngustíg og tröppum frá Sifjartorgi að Úlfarsbraut og að merkja og lýsa upp gangbrautir yfir Úlfarsbraut á eftirtöldum stöðum: við Jaðartorg, móts við stíg frá Lofnarbrunni og Sifjartorgi og yfir alla leggi Sögutorgs. Auk þess verður haldið áfram við frágang lóðar Dalsskóla.

Myndin að neðan lýsir á skematískan hátt helstu framkvæmdum sem áætlað er að verði í sumar í nágrenni skólans.

fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
Yfirverkfræðingur samöngumála



▲ Ný gangbraut með gangbrautarlýsingu    ■ Ný gangstétt/tröppur    ◆ Ný hraðahindrun